

Vandamál í biðröðinni

1. hluti: Vandamál

Lestu um vandamálið.

HÁDEGIS BIÐRÖÐIN

Davíð er skólastjóri eins stærsta menntaskóla landsins. Í byrjun árs kannaði Davíð hvernig nemendur vildu bæta skólann með skoðanakönnun. Flestir nemendur sögðu að þeir vildu að hádegismatarröðin yrði skilvirkari svo að allir gætu borðað án þess að þurfa að flýta sér til að koma ekki of seint í næsta tíma.

Á meðan Davíð skólastjóri leitaði að lausnum á vandanum varðandi hádegismatarröðina fékk hann tilboð frá fyrirtæki sem sérhæfir sig í andlitsskönnunartækni. Fyrirtækið sagði að það gæti búið til kerfi sem gerir nemendum kleift að borga fyrir hádegismatinn með því að láta skanna andlit sitt. Þannig þyrftu nemendur ekki að bíða í löngum röðum til að fá hádegismatinn sinn og greiða fyrir hann.

Finnst þér að skólastjórinn ætti að fá andlitsskönnunartæknina til að stytta hádegismatarröðina? Rökstyðjið svarið.

2. hluti: Taktu afstöðu

Fylltu út skrefin hér að neðan til að taka afstöðu til málsins. Sum skrefin eru unnin einstaklingslega og önnur með bekknum.

TAKTU AFSTÖÐU

(Þitt álit) Hvað heldur þú? Útskýrðu þitt sjónarhorn.

SKOÐAÐU BETUR

(Í hópnum) Hvað segja bekkjarfélagar þínir? Hlustaðu á þeirra rök fyrir málinu.

Vandamál í biðröðinni

SKOÐAÐU AFTUR

(Þitt álit) Skoðaðu aftur upphaflega svarið þitt. Hvað hafðir þú ekki íhugað sem aðrir komu með? (Kannski breyttir þú skoðun þinni, kannski ekki - það er allt í lagi! Hvort sem er, þá heyrðir þú önnur sjónarmið. Hvernig hefur hugsun þín breyst eftir að hafa heyrt sjónarmið bekkjarfélaga þinna, jafnvel þótt þú hafir ekki breytt skoðun þinni?)

SKOÐUM ENN BETUR

(Í hópnum.) Hvaða vandamál gætu verið sambærileg í þínum skóla? Hvernig minnir þessi vandi þig á aðrar aðstæður í skólanum eða kennslustofunni eða sem þú hefur séð, heyrt um, eða upplifað?

3. hluti: Flækjum málið

Í hópnum, veljið eina spurningu og ræðið.

- Skiptir máli hvar tæknin er sett upp (t.d. frammi á gangi eða í matsalnum)?
- Hvað ef fulltrúar úr skólanum hafa einnig aðgang að upplýsingum úr andlitsskönnuninni?
- Skiptir máli hvort þessi tækni sé þegar í notkun á öðrum stöðum eins og t.d. í matvöruverslunum eða líkamsræktarstöðvum?

4.hluti: Að lokum

Hugsaðu um það sem rætt var um í kennslustundinni dag og svaraðu spurningunni:

„Ég hafði áður ímyndað mér _____, en núna held ég að _____.“